

Ófjárhagslegar upplýsingar – Sjálfbærnisráðsla

Inngangur

Arctica Finance hf. (Arctica) gefur út sjálfbærnisráðsla og birtir ófjárhagslegar upplýsingar (sjálfbærniuppgjör) í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq. Félagið gerir sér grein fyrir mikilvægi þess að sem flestir taki þátt í vegferð sjálfbærni og samfélagslegrar ábyrgðar, með langtímahugsun að leiðarljósi. Með því að leggja áherslu á umhverfið, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS) er unnið að hagsmunum Arctica, viðskiptavina Arctica og samfélagsins alls til framtíðar, og stuðlað að heilbrigðum viðskiptaháttum, góðum stjórnarháttum og jákvæðum áhrifum á UFS þætti.

Arctica hefur sett sér stefnu um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð, sem tekur m.a. á UFS þáttum, og nær hún yfir alla starfsemi fyrirtækisins. Stefnan skilgreinir helstu áherslur Arctica í málefnum sjálfbærni og samfélagslegrar ábyrgðar og lýsir því hvernig Arctica hyggst tileinka sér þær áherslur í starfsemi sinni. Arctica leggur áherslu á að vera upplýst um stöðu sjálfbærni félagsins og samfélagslega ábyrgð og upplýsa um þau áhrif. Til að gera betur grein fyrir þessu gefur félagið út skýrslu þessa, en í henni er m.a. að finna ófjárhagslegar upplýsingar, en við samantekt á þeim er stuðst við lykilmælikvarða í samræmi við UFS leiðbeiningar kauphallarinnar Nasdaq. Þær leiðbeiningar styðjast m.a. við meginreglur svokallaðrar Greenhouse Gas Protocol aðferðafræði við útreikning á kolefnisspori félagsins. Aftast í skýrslu þessari er birt sjálfbærniuppgjör Arctica, þar sem gerð er grein fyrir árangri Arctica í þessum málum á milli ára.

Skýrsla þessi er unnin af starfsmönnum Arctica og er ekki endurskoðuð af þriðja aðila.

Starfsemi Arctica

Arctica var stofnað í maí árið 2009 og fékk í mars 2010 starfsleyfi frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (FME) sem verðbréfafyrirtæki. Starfsemi Arctica felst einkum í fyrirtækjaráðgjöf (e. corporate finance / corporate advisory) og markaðsviðskiptum (miðlun) (e. capital markets), en starfsemi eignastýringar (e. asset management) lauk á árinu 2023. Þjónusta Fyrirtækjaráðgjafar felst einkum í að veita þjónustu á eftirtöldum sviðum, kaup og sala á fyrirtækjum, samrunar og yfirtökur eða aðrar eignarhaldstengdar breytingar, nýskráningar og afskráningar hluta- og skuldabréfa, fjármögnun og útboð fjármálagerninga, og fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja. Markaðsviðskipti veitir helst þjónustu á eftirtöldum sviðum, miðlun, endurkaupaáætlun, beinn rafrænn aðgangur í kauphöll, útboð og varsla. Eignastýring bauð viðskiptavinum upp á eignastýringu.

Í lok árs 2023 voru starfsmenn Arctica 22 talsins. Starfsmenn Arctica hafa langflestir víðtæka og áralanga reynslu af þjónustu og ráðgjöf af því tagi er félagið býður upp á og er áhersla lögð á að byggja upp traust samband við viðskiptavini, þar sem fagmennska og trúverðugleiki eru í fyrirrúmi.

Ein dýrmætasta eign sérhvers fjármálafyrirtækis er traust og trúverðugleiki, sem aftur ræðst af siðferði starfsmanna þeirra. Arctica leggur áherslu á að tryggja traust og trúverðugleika félagsins og starfsmanna þess gagnvart viðskiptavinum, hluthöfum og samfélaginu. Þar skipa menntun og faglegur bakgrunnur, fræðsla, þekking, reynsla og færni mikilvægan sess, ásamt siðferðis- og hegðunarreglum félagsins, en niðurstaðan grundvallast þó alltaf á hugarfari viðkomandi. Stjórn og stjórnendur hafa því lagt ríka áherslu á að skapa þá umgjörð og menningu sem líklegust er til að hlúa að og auka siðferði starfsmanna félagsins.

Ófjárhagslegar upplýsingar – Sjálfbæriskýrsla, frh.:

Stjórn Arctica hefur samþykkt siðferðileg viðmið, sem er ætlað að vera grunnviðmið góðra viðskiptahátta og siðferðis innan Arctica. Viðmiðin gilda um samskipti Arctica og starfsmanna þess við viðskiptavinum, samstarfsmenn, eftirlitsaðila, hluthafa, samkeppnisaðila og aðra sem eiga hagsmuna að gæta. Í samræmi við þau siðferðilegu viðmið sem stjórn Arctica hefur sett félaginu, þá er lögð áhersla á:

- Virðing fyrir lögum og eftirlitsaðilum.
- Virðing fyrir viðskiptavinum.
- Virðing fyrir starfsmönnum.
- Virðing fyrir ólíkum hagsmunum.
- Virðing fyrir trúnaði og friðhelgi einkalífs.
- Virðing fyrir samfélagslegum áhrifum.

Samfélagsleg ábyrgð og markmið

Arctica gerir sér grein fyrir því að fyrirtæki hafa ekki aðeins hagfræðileg áhrif á nærumhverfi sitt, heldur einnig félagsleg áhrif. Því er mikilvægt að félagið hafi ætíð samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi, bæði í innri og ytri athöfnum og gjörðum sínum, jafnt í samskiptum fyrirtækisins við viðskiptavinum, starfsmenn, þjónustuaðila og samfélagið í heild. Arctica telur að fyrirtæki sem starfa í sátt við haghafa sína, eru samfélagslega ábyrg og hafa sett sér og fylgja stefnu um sjálfbæra þróun, munu vegna betur og skila betri arðsemi til lengri tíma lítið. Til að ná markmiðum sem stuðla að betri framtíð fyrir samfélagið er mikilvægt að hvetja áfram fyrirtæki til að beinast í átt að sjálfbærni og verða samfélagslega ábyrg með aukinni fræðslu og samtali sem tengist UFS þáttum.

Markmið Arctica er að stuðla að jákvæðum áhrifum á umhverfið, félagslega þætti og góða stjórnarhætti með því að leggja áherslu á UFS þætti, með hagsmunum Arctica, viðskiptavina Arctica og samfélagsins alls til framtíðar í huga. Félagið hefur lagt áherslu á góða stjórnarhætti innan fyrirtækisins frá stofnun félagsins en leggur nú áherslu á að uppfylla aðra UFS þætti með markvissum og skipulegum hætti.

Félagið leggur sig fram við vegferð sína til samfélagslegrar ábyrgðar og sjálfbærni með langtímahugsun að leiðarljósi og mun halda áfram að fræða stjórnendur og starfsmenn sína á því sviði ásamt því að fylgjast með þróuninni og gera þær breytingar sem þarf til að hafa jákvæð áhrif á samfélagið.

Arctica skrifaði í september 2020 undir sameiginlega viljayfirlýsingu íslensku ríkisstjórnarinnar og aðila sem fara fyrir hátt í 80% af eignum á íslenskum fjármálamarkaði, um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar. Jafnframt er Arctica aðili að IcelandSif, sem er fræðsluvettvangur ábyrgra fjárfestinga sem stuðla að því að efla þekkingu fjárfesta á aðferðfræði sjálfbærra og ábyrgra fjárfestinga.

Arctica hefur sett sér markmið fyrir hvern UFS þátt til ársins 2027, og eru þau talin upp hér að neðan:

Umhverfislegir þættir:

- Mæla bein og óbein loftslagsáhrif í starfsemi Arctica, svo að setja megi skilvirk markmið um að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum starfsemi Arctica og minnka losun gróðurhúsalofttegunda og úrgang frá rekstri
- Efla umhverfisvitund haghafa, þ.m.t. starfsmanna
- Þróa umbunarkerfi fyrir starfsmenn sem hvetur til nýtingar á umhverfisvænni samgöngumátum
- Kolefnisjafna losun starfseminnar, sem ekki tekst að draga úr

Ófjárhagslegar upplýsingar – Sjálfbæriskýrsla, frh.:

Félagslegir þættir:

- Halda fræðslufundi fyrir starfsmenn um einelti, áreitni og ofbeldi
- Framkvæma reglulega mannauðsmælingar með það að markmiði að skapa gott starfsumhverfi

Stjórnarhættir:

- Hagaðilar geti tilkynnt Arctica nafnlaust um möguleg brot Arctica eða starfsmanna þess á lögum og reglum o stefnum Arctica, þ.m.t. stefnu Arctica um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð
- Gangast undir meginreglur Sameinuðu þjóðanna (SP) um ábyrgar fjárfestingar, UN PRI

Heimsmarkmið SP

Markmið Arctica byggja á heimsmarkmiðum SP, en heimsmarkmiðin eru framkvæmdaáætlun í þágu mannkyns, jarðarinnar og hagsældar. Með henni er m.a. leitast við að stuðla að friði um gjörvalla heim og þar með auknu frelsi. Markmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli hinna þriggja stöða sjálfbærrar þróunar, hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu. Arctica styður heimsmarkmið SP og leggur áherslu á þá málaflokka sem Arctica getur haft mest áhrif á og eru viðeigandi og mikilvægir fyrir kjarnastarfsemi Arctica, en það eru eftirtalin markmið:

- Nr. 3 - Heilsa og vellíðan.
- Nr. 5 - Jafnrétti kynjanna.
- Nr. 12 - Ábyrg neysla og framleiðsla.

Farið verður reglulega yfir markmið Arctica og staðan borin saman við heimsmarkmið SP. Áherslur og markmið geta því breyst og eftir atvikum fækkað eða fjölgað. Upplýst verður um allar breytingar sem eiga sér stað.

Umhverfislegir þættir

Arctica leggur áherslu á að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum starfseminnar með það markmið að minnka losun gróðurhúsalofttegunda og úrgang frá rekstri, efla umhverfisvitund haghafa, þ.m.t. starfsmanna, og bæta starfsumhverfi starfsmanna.

Stefna Arctica er að taka mið af langtímaáhrifum ákvarðana, en með því er betur stuðlað að því að umbreytingar á sviði umhverfismála séu varanlegar. Þá leggur Arctica áherslu á sjálfbærar lausnir, enda skapi slíkar lausnir viðskiptavinum, umhverfinu og samfélaginu ávinning til framtíðar. Með þessu leggur Arctica lóð á vogarskálar opinberra markmiða á borð við heimsmarkmið SP, Parísarsáttmálann og kolefnishlutleysi Íslands, auk þess að styðja við baráttu gegn neikvæðum umhverfisáhrifum sem samhliða felur í sér bætt lífskjör samfélagsins til lengri tíma lítið.

Arctica leggur sig fram við að þekkja bæði bein og óbein loftslagsáhrif í starfsemi sinni og einsetur sér að lágmarka áhrifin. Unnið er að því að lágmarka innra kolefnisspor starfsemi Arctica og starfsmanna þess. Arctica mælir árlega kolefnisfótspor fyrirtækisins til að þekkja betur umhverfisáhrif starfsemi félagsins og leitast við að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum með ýmsum úrræðum. Markmiðið er að Arctica sé meðvitað um losun sína og geti greint frá henni. Félagið mun fylgjast með þróun mælikvarða á losun gróðurhúsalofttegunda og reyna betrumbæta upplýsingar hvað varðar losun starfsemi þess.

Félagið styðst við loftslagsmæli Festu við mælingu á kolefnisfótspori, en sá mælir byggir á alþjóðlega viðurkenndum stöðlum og er aðlagður að íslensku umhverfi og uppfærður reglulega. Mælirinn skiptir losun gróðurhúsalofttegunda í þrennt:

- Umfang 1 mælir beina losun frá fyrirtækinu sjálfu.
- Umfang 2 mælir losun vegna rafmagns- og vatnsnotkun.
- Umfang 3 nær til annarrar óbeinnar losunar.

Bein losun Arctica, sbr. umfang 1, er engin. Losun Arctica vegna rafmagns og vatns tekur til notkunar á skrifstofu félagsins og önnur óbein losun, sbr. umfang 3, felur í sér losun vegna úrgangs og ökutækja sem byggir á áætluðum tölum vegna ferða starfsmanna til og frá vinnu og á ferða á vegum vinnu.

Niðurstaða af mælingum samkvæmt loftslagsmæli Festu á kolefnisfótspori Arctica fyrir árið 2023 er að félagið losaði 8,4 tonn af koltvíoxíði í andrúmsloftið á því ári og er það lækkun frá árinu á undan um 13,1 tonn. Lækkunina má að langmestu leyti rekja til nákvæmari mælinga, s.s. vegna innleiðingar snjallsorplausnar. Félagið stefnir að því að kolefnisjafna losun starfseminnar.

Ófjárhagslegar upplýsingar – Sjálfbæriskýrsla, frh.:

Arctica leggur áherslu á að mæla og flokka þann úrgang sem fellur til í starfsemi Arctica. Upplýsingar varðandi förgun úrgangs og orkunotkun eru fengnar frá leigusala. Rafmagnsnotkun er sérmæld í rými Arctica og úrgangur er nú mældur með svokallaðri snjallsorplausn, sem hvetur til aukinnar sorpflokkunar og hjálpar til við að meta umfang og tegund sorps sem frá Arctica stafar, auk þess að auðvelda útreikning á kolefnisspori Arctica.

Arctica hvetur starfsmenn sína til að nota sjálfbæra eða vistvæna samgöngumáta og nýta fjarbúnað í stað ferðalaga eins mikið og kostur er. Í því skyni stendur til að bjóða starfsmönnum upp á samgöngustyrk, auk þess sem að aðstaða til að hlaða rafbíla á vinnutíma er í húsnæði félagsins. Sturtuástaða er fyrir þá sem kjósa að hjóla, ganga eða hlaupa til vinnu.

Félagslegir þættir

Arctica leggur áherslu á að skapa jákvætt, öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi sem einkennist af sveigjanleika og jöfnum tækifærum. Starfsmönnum er treyst til góðra verka og veitt svigrúm til að þróast í starfi og sýna sjálfstæði. Þannig ber félaginu að koma fram við starfsmenn, viðskiptavini og samfélagið af virðingu í öllum sínum samskiptum, sem og virða víðeigandi lög, reglur og kjarasamninga um réttindi og skyldur starfsmanna.

Stefna Arctica er að hafa jafnræði og fjölbreytileika að leiðarljósi og að gera Arctica að eftirsóknarverðum vinnustað.

Stefnt er að því að jafna stöðu kvenna og karla innan Arctica og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- eða karlastörf. Sérstök áhersla er lögð á að jafna hlut kvenna og karla í stjórnunar- og áhrifastöðum.

Samkvæmt stefnu Arctica skulu starfsmenn Arctica njóta jafnra tækifæra og hafa jafna möguleika, án tillits til kyns, kynvitundar, kynhneigðar, kyneinkennum, kyntjáningu, kynþáttar, uppruna, þjóðernis, aldurs, fötlunar, skertrar starfsgetu, lífsskoðana, trúar, aldri eða annarra ómálefnalegra þátta. Hið sama gildir um umsækjendur um starf, stöðuhækkun, stöðubreytingar, endurmenntun, símenntun, starfsþjálfun, námskeiðspáttöku, námsleyfi, uppsögn, vinnuáðstæður og vinnuskilyrði starfsmanna. Við skipan í ábyrgðarstöður, stjórnir, nefndir og vinnuhópa ber að tryggja að faglegar forsendur og hæfni séu lagðar til grundvallar, en frávik eru einvörðungu heimil á grundvelli ákvæða í stefnu Arctica eða lagaheimildum.

Óheimilt er að mismuna starfsmönnum á grundvelli kyns eða annarra ómálefnalegra þátta hvað varðar laun, kaupauka, starfsaðstæður eða annarra kjara, vegna sömu eða jafn verðmættra starfa. Slíkur munur getur einvörðungu verið með vísan til menntunar, reynslu, frammistöðu í starfi og öðrum rökréttum forsendum.

Arctica leggur áherslu á að starfsmenn geti samræmt starfskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu og að starfsmenn njóti ákveðins sveigjanleika í störfum sínum eftir því sem við verður komið hvað varðar skipulagningu á vinnu og vinnutíma. Þannig má betur bæði taka tillit til fjölskylduáðstæðna starfsmanna og þarfa starfsemi Arctica, þ.m.t. að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna brýnna fjölskylduáðstæðna. Þá eru foreldrar hvattir til þess að skipta með sér fjarvistum vegna veikinda barna.

Hjá Arctica er einelti, kynferðisleg og kynbundin áreitni og ofbeldi af hvaða tagi sem er ekki liðið, og meðvirkni annarra starfsmanna er með öllu óásættanlegt. Starfsmenn eiga að stuðla að góðri samvinnu og samskiptum með því að sýna samstarfsmönnum sínum ávallt virðingu, umburðarlyndi og jákvætt viðmót, og leggja sitt af mörkum til að fyrirbyggja neikvæða hegðun, sýna tillitsemi og stuðla að góðum samskiptum, starfsánægju og öruggu umhverfi. Starfsmaður sem telur sig hafa orðið fyrir einelti, áreitni eða ofbeldi á vinnustað, eða hafa rökstuddan grun eða vitneskju um slíka hegðun gagnvart samstarfsfólki sínu, skal upplýsa næsta yfirmann eða annan sem viðkomandi treystir, svo að félagið geti brugðist við. Í slíku ferli er gætt fyllsta trúnaðar og fyrirfram skilgreindu verkferli fylgt. Engin tilvik af því tagi sem að framan greinir voru tilkynnt til félagsins á árinu 2023.

Arctica útilokar að veita þjónustu eða stunda önnur viðskipti við gagnaðila sem brjóta í bága við alþjóðlega viðurkenndar reglur um mannréttindi. Þá er tekið fyrir að Arctica hafi hag af starfsemi sem hefur óvæfengjanleg tengsl við mannréttindabrot. Arctica og starfsmönnum þess ber að tilkynna um ætluð brot til réttara aðila og taka þátt í innlendum og alþjóðlegum aðgerðum gegn svikum, spillingu, mútum, peningabætti og fjármögnun hryðjuverka- og glæpastarfsemi. Engin tilvik af því tagi sem að framan greinir voru tilkynnt til félagsins á árinu 2023.

Ófjárhagslegar upplýsingar – Sjálfbæriskýrsla, frh.:

Stjórnarhættir

Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki ber Arctica að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Stjórn Arctica fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnir eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Góðir stjórnarhættir stuðla að bættum vinnubrögðum og samskiptum sem eykur traust milli hluthafa, stjórnar, stjórnenda, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila.

Stjórnun og yfirlit yfir Arctica skiptast á milli hluthafa, stjórnar og framkvæmdastjóra í samræmi við samþykktir félagsins, reglur stjórnar og önnur tilmæli stjórnarinnar. Þá lýtur stjórnun og yfirlit félagsins ýmsum lögum og reglum, þ.m.t. lög um hlutfélög, lög um fjármálafyrirtæki, lög um markaði fyrir fjármálagerninga, lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, reglugerð um verndun fjármálagerninga og fjármuna viðskiptavina, skyldur við vörubrúun og um veitingu og móttöku þóknana, umboðslauna eða hvers konar ávinnings, og reglur Kauphallar, auk fleiri laga sem og reglna og leiðbeinandi tilmæli FME, sem og viðmiðunarreglur EBA og ESMA sem FME vísar til og gilda um verðbréfafyrirtæki og starfsemi þeirra. Nánari útlitun á lögum, reglum, reglugerðum, viðmiðunarreglum og leiðbeinandi tilmælum er að finna á vef FME. Á grundvelli þessara laga og reglna hefur Arctica sett sér ýmsar innri reglur og stefnur sem félaginu ber að gera, en margar þeirra má finna á heimasíðu félagsins, www.arctica.is/upplýsingar.

Árlega gerir Arctica úttekt á því hvort stjórnarhættir félagsins séu í samræmi við fyrrgreindar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja og í kjölfarið er birt yfirlýsing um stjórnarhætti Arctica í sérstökum kafla í ársreikningi, sem má finna á heimasíðu félagsins. Þá er einnig fjallað um stjórnarhætti Arctica í ársskýrslu félagsins. Auk þessa er úttekt á ýmsum þáttum stjórnarháttar Arctica einnig að finna aftast í skýrslu þessari.

Ábyrg innkaup

Kveðið er á um ábyrg innkaup, eða siðareglur birgja, í stefnu Arctica um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð, þar sem Arctica vill haga innkaupum sínum þannig að þau styðji sjálfbærni. Arctica hvetur alla birgja og samstarfsaðila til að kynna sér og tileinka sér kröfur þær sem Arctica gerir til birgja og birta upplýsingar þess efnis með opinberum hætti, s.s. með árlegri skýrslu um sjálfbærni og eða samfélagslega ábyrgð. Ítarlegri kröfur eru gerðar við samningsbundin stærri innkaup og ef fleiri en 50 árleg stöðugildi eru að meðaltali hjá birginum, er lúta að UFS þáttum. Helstu birgjar Arctica eru þjónustuaðilar á sviði upplýsingatækni, bakvinnslu, bókhalds og endurskoðunar, sem og seljendur hefðbundinna ritfanga og skrifstofuvara.

Ábyrgar fjárfestingar

Ábyrgar fjárfestingar hafa jákvæð áhrif á ávöxtun fjárfestinga til lengri tíma, draga úr rekstraráhættu og stuðla að sjálfbærri þróun. Ábyrgar fjárfestingar eru fjárfestingaraðferðir sem taka mið af UFS atriðum við fjárfestingarákvarðanir með það að markmiði að draga úr áhættu og skila sjálfbærri ávöxtun til langs tíma. Í stefnu Arctica um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð er tekið á ábyrgum fjárfestingum, en ábyrgar fjárfestingar eiga fyrst og fremst við fjárfestingar í skráðum og óskráðum verðbréfum, fyrir hönd Arctica eða viðskiptavina þess.

Í tengslum við ábyrgar fjárfestingar byggir Arctica á og/eða tekur mið af hnattrænu samkomulagi SP (e. UN Global Compact) og heimsmarkmiðum SP um sjálfbæra þróun (e. Sustainable Development Goals). Þá hyggst Arctica fylgja meginreglum SP um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI).

Sjálfbærniuppgjör Arctica

Hér að neðan má finna samantekt helstu ófjárhagslegra upplýsinga Arctica, birtar í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq.

Umhverfisþættir

Losun gróðurhúsalofttegunda	Eining	2023	2022	2021
Umfang 1	tCO ₂	0	0	0
Umfang 2	tCO ₂	0,25	0,24	0,27
Umfang 3	tCO ₂	8,18	21,29	5,46
Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda	tCO ₂	8,42	21,53	5,73
Heildarlosun m.t.t bindingar	tCO ₂	8,42	21,53	5,73

E1|UNGC: P7|GRI 305-1,305-2,305-3|SASB: General Issue / GHG Emissions|TCFD: Metrics & Targets

Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda	Eining	2023	2022	2021
Losunarkræfni tekna	tCO ₂ /milljónir	0,01	0,02	0,01
Losunarkræfni starfsmanna	tCO ₂ /stöðugildi	0,38	1,20	0,32
Losunarkræfni á hvern fermeter	tCO ₂ /m ²	0,01	0,03	0,01

E2|UNGC: P7, P8|GRI 305-4|SDG: 13|SASB: General Issue / GHG Emissions, Energy Management

Orkunotkun	Eining	2023	2022	2021
Raforka	kWst	23.827	23.517	25.798
Heitt vatn	kWst	251.664	226.435	239.830

E3|UNGC: P7, P8|GRI 302-1, 302-2|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management

Orkukræfni	Eining	2023	2022	2021
Losunarkræfni tekna	kWstmilljónir	258,92	203,54	247,56
Losunarkræfni starfsmanna	kWst/stöðugildi	12.522	13.886	14.757
Losunarkræfni á hvern fermeter	kWst/m ²	334,05	303,08	322,09

E4|UNGC: P7, P8|GRI 302-3|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management

Samsetning orku	Eining	2023	2022	2021
Endurnýjanleg orka	%	100%	100%	100%

E5|GRI 302-1|SDG: 7|SASB: General Issue / Energy Management

Vatnsnotkun	Eining	2023	2022	2021
Kalt vatn	m ³	4.341	3.276	3.232
Heitt vatn	m ³	4.321	3.888	4.135

E6|GRI: 303-5|SDG: 6|SASB: General Issue / Water & Wastewater Management

Umhverfisstarfsemi	Eining	2023	2022	2021
Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu?	já/nei	já	já	nei
Fylgir fyrirtækið þitt tilteknum stefnum fyrir úrgang, vatn, orku, og/eða endurvinnslu?	já/nei	nei	nei	nei
Notast fyrirtækið þitt við viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	já/nei	nei	nei	nei

E7|GRI: 103-2|SASB: General Issue / Waste & Hazardous Materials Management

Loftslagseftirlit / stjórn	Eining	2023	2022	2021
	já/nei	nei	nei	nei

Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?

E8|GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31|SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management|TCFD:Governance (Disclosure A)

Loftslagseftirlit / stjórnendur	Eining	2023	2022	2021
Hefur æðsta stjórnunarteymi þitt eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	<i>já/nei</i>	nei	nei	nei

E9|GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31|SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management|TCFD:Governance (Disclosure B)

Mildun loftslagsáhættu	Eining	2023	2022	2021
Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vörubrúun	<i>þúsund ISK</i>	0	0	0

E10|UNGC: P9|SASB: General Issue / Physical Impacts of Climate Change, Business Model Resilience|TCFD: Strategy (Disclosure A)

Félagslegir þættir

Launahlutfall forstjóra	Eining	2023	2022	2021
Laun og bónusgreiðslur forstjóra (X) sem hlutfall af miðgildi launa starfsmanna í fullu starfi	<i>X:1</i>	1,39	1,39	0,99
Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda?	<i>já/nei</i>	nei	nei	nei

S1|UNGC: P6|GRI 102-38

Launamunur kynja	Eining	2023	2022	2021
Miðgildi heildarlauna karla (X) sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna	<i>X:1</i>	1,27	1,46	1,72
Niðurstaða jafnlaunavottunar	<i>%</i>	<i>n.a.</i>	<i>n.a.</i>	<i>n.a.</i>

S2|UNGC: P6|GRI: 405-2 | SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion

Starfsmannavelta	Eining	2023	2022	2021
Starfsmenn í fullu starfi				
<i>Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi</i>	<i>%</i>	29,4%	5,9%	21,4%
<i>Frávísun</i>	<i>%</i>	0,0%	0,0%	0,0%
<i>Starfslok</i>	<i>%</i>	0,0%	0,0%	0,0%
<i>Starfsskipti</i>	<i>%</i>	0,0%	0,0%	0,0%
<i>Fráfall</i>	<i>%</i>	0,0%	0,0%	0,0%
Starfsmenn í hlutastarfi				
<i>Árleg breyting starfsmanna í hlutastarfi</i>	<i>%</i>	0,0%	0,0%	0,0%
<i>Frávísun</i>	<i>%</i>	0,0%	0,0%	0,0%
<i>Starfslok</i>	<i>%</i>	0,0%	0,0%	0,0%
<i>Starfsskipti</i>	<i>%</i>	0,0%	0,0%	0,0%
<i>Fráfall</i>	<i>%</i>	0,0%	0,0%	0,0%
Verktakar og/eða ráðgjafar				
<i>Árleg breyting verktaka og/eða ráðgjafa</i>	<i>%</i>	0,0%	0,0%	0,0%
<i>Frávísun</i>	<i>%</i>	0,0%	0,0%	0,0%
<i>Starfslok</i>	<i>%</i>	0,0%	0,0%	0,0%
<i>Starfsskipti</i>	<i>%</i>	0,0%	0,0%	0,0%
<i>Fráfall</i>	<i>%</i>	0,0%	0,0%	0,0%
<i>Kyn</i>	<i>%</i>	0,0%	0,0%	0,0%
<i>Karlar</i>	<i>%</i>	0,0%	0,0%	0,0%
<i>Konur</i>	<i>%</i>	0,0%	0,0%	0,0%
Aldur				
<i><20v</i>	<i>%</i>	0,0%	0,0%	0,0%
<i>20-29</i>	<i>%</i>	18,2%	23,5%	22,2%
<i>30-39</i>	<i>%</i>	18,2%	5,9%	5,6%
<i>40-49</i>	<i>%</i>	31,8%	29,4%	27,8%
<i>50-59</i>	<i>%</i>	27,3%	35,3%	44,4%
<i>60-69</i>	<i>%</i>	4,5%	5,9%	0,0%
<i>70+</i>	<i>%</i>	0,0%	0,0%	0,0%

S3|UNGC: P6|GRI: 401-1b|SDG: 12|SASB: General Issue / Labor Practices

Kynjafjölbreytni	Eining	2023	2022	2021
Starfsmannafjöldi				
Hlutfall kvenna í fyrirtækinu	%	22,7%	22,2%	22,2%
Konur	fjöldi	5	4	4
Karlar	fjöldi	17	14	14
Byrjenda- og millistjórnendastöður				
Hlutfall kvenna í byrjendastarfi og næsta starfsþreffi fyrir ofan	%	31,3%	36,4%	36,4%
Konur	fjöldi	5	6	4
Karlar	fjöldi	11	7	7
Yfirmenn og stjórnendur				
Hlutfall kvenna í stöðu yfirmanna og stjórnenda	%	0,0%	0,0%	0,0%
Konur	fjöldi	0	0	0

S4|UNGC: P6|GRI: 102-8, 405-1|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion

Hlutfall tímabundinna starfskrafta	Eining	2023	2022	2021
Stöðugildi	fjöldi	0	1	1
Prósenta stafsmanna í hlutastarfi	%	0%	100%	100%
Prósenta verktaka og/eða ráðgjafa	%	0,0%	0,0%	0,0%

S5|GRI: 102-8|UNGC: P6

Aðgerðir gegn mismunun	Eining	2023	2022	2021
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti?	já/nei	já	já	nei

S6|UNGC: P6|GRI: 103-2 (see also: GRI 406: Non-Discrimination 2016)|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion

Vinnuslysafíðni	Eining	2023	2022	2021
Heildarfjöldi áverka og banaslysa sem hlutfall af heildarfjölda starfsmanna	%	0,0%	0,0%	0,0%

S7|GRI: 403-9|SDG: 3|SASB: General Issue / Employee Health & Safety

Hnattræn heilsa og öryggi	Eining	2023	2022	2021
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt vinnuverndarstefnu og/eða heildrænni heilsu- og öryggisstefnu?	já/nei	nei	nei	nei
Heildarfjarvera frá vinnu sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna	X:1	-	-	-
Fjarvera frá vinnu vegna langvarandi veikinda (X) sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna	X:1	-	-	-
Fjarvera vegna skammtíma veikinda (X) sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna	X:1	-	-	-

S8|GRI: 103-2 (See also: GRI 403: Occupational Health & Safety 2018)|SDG: 3|SASB: General Issue/Employee Health & Safety

Barna- og nauðungarvinna	Eining	2023	2022	2021
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn barnaþrælkun?	já/nei	já	já	nei
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn nauðungarvinnu?	já/nei	já	já	nei
Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda?	já/nei	já	já	n.a.

S9|GRI: 103-2 (See also: GRI 408: Child Labor 2016, GRI 409: Forced or Compulsory Labor, and GRI 414: Supplier Social Assessment 2016)|UNGC: P4, P5|SDG: 8|SASB: General Issue / Labor Practices

Mannréttindi	Eining	2023	2022	2021
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt mannréttindastefnu?	já/nei	já	já	nei
Ef já, nær mannréttindastefnan til birgja og framleiðenda?	já/nei	já	já	n.a.

S10|GRI: 103-2 (See also: GRI 412: Human Rights Assessment 2016 & GRI 414: Supplier Social Assessment 2016)|UNGC: P1, P2|SDG: 4, 10, 16|SASB: General Issue / Human Rights & Community Relations

Stjórnarhættir

Kynjahlutfall í stjórn	Eining	2023	2022	2021
Hlutfall kvenkyns stjórnarmeðlima (samanborið við karla)	%	33,3%	33,3%	33,3%
Hlutfall kvenkyns nefndarformanna (samanborið við karla)	%	n.a.	n.a.	n.a.

G1|GRI 405-1|SDG: 10|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion (See also: SASB Industry Standards)

Óhæði stjórnar	Eining	2023	2022	2021
Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku?	<i>já/nei</i>	já	já	já
Hlutfall óháðra stjórnarmanna	%	100%	100%	100%

G2|GRI: 102-23, 102-22

Kaupaukar	Eining	2023	2022	2021
Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni?	<i>já/nei</i>	nei	nei	nei

G3|GRI: 102-35

Kjarasamningar	Eining	2023	2022	2021
Hlutfall starfsmanna sem fellur undir almenna kjarasamninga	%	100%	100%	100%

G4|UNGC: P3|SDG: 8|GRI: 102-41|SASB: General Issue / Labor Practices (See also: SASB Industry Standards)

Siðareglur birgja	Eining	2023	2022	2021
Ber seljendum fyrirtækisins og birgjum þess að fylgja siðareglum?	<i>já/nei</i>	já	já	nei
Ef svarið er já, hversu hátt hlutfall birgja hefur formlega staðfest að þeir fylgi siðareglunum?	%	50%	50%	n.a.

G5|UNGC: P2, P3, P4, P8|GRI: 102-16, 103-2 (See also: GRI 308: Supplier Environmental Assessment 2016 & GRI 414: Supplier Social Assessment 2016|SDG: 12|SASB General Issue / Supply Chain Management (See also: SASB Industry Standards)

Siðferði og aðgerðir gegn spillingu	Eining	2023	2022	2021
Framfylgir fyrirtækið siðareglum og/eða stefnu gegn spillingu og mútum?	<i>já/nei</i>	já	já	já
Ef já, hvaða hlutfall starfsmanna hefur formlega staðfest að það fylgi stefnunni?	%	100%	100%	100%

G6|UNGC: P10|SDG: 16|GRI: 102-16, 103-2 (See also: GRI 205: Anti-Corruption 2016)

Persónuvernd	Eining	2023	2022	2021
Framfylgir fyrirtækið persónuverndarstefnu?	<i>já/nei</i>	já	já	já
Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum?	<i>já/nei</i>	já	já	já

G7|GRI: 418 Customer Privacy 2016|SASB: General Issue / Customer Privacy, Data Security (See also: SASB Industry Standards)

Sjálfbærnisrásla	Eining	2023	2022	2021
Birtir fyrirtækið sjálfbærnisráslu?	<i>já/nei</i>	já	já	nei
Inniheldur skýrslugjöf fyrirtækisins til stjórnvalda gögn um sjálfbærni?	<i>já/nei</i>	já	já	nei

G8|UNGC: P8

Starfsvenjur við upplýsingagjöf	Eining	2023	2022	2021
Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?	<i>já/nei</i>	nei	nei	nei
Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)?	<i>já/nei</i>	já	já	nei
Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða Sp?	<i>já/nei</i>	já	já	nei

G9|UNGC: P8

Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila	Eining	2023	2022	2021
Er upplýsingagjöf um sjálfbærni tryggð eða staðfest af þriðja aðila?	<i>já/nei</i>	nei	nei	nei

G10|UNGC: P8|GRI: 102-56